

ÍSLE1GA05

Titill	Grunnur A
Námsgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Lesskilningur, mál nokun, ritun, bókmenntir og tjáning
Skammstöfun	ÍSLE1GA05
Staða	
Þrep	1
Einingafjöldi	5
Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla	
Lýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur auki lestur og lesskilning með því að lesa nytjatexta, styttri- og lengri sögur. Þá er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í byggingu ritunar og verði færir um að skrifa styttri ritanir, með góðu flæði og á góðu máli. Einnig að nemendur þjálfist í að tjá sig, einkum í litlum hópum. Við lok áfanga er metið hvort nemendur séu tilbúnir að takast á við námsefni 2. námsþreps.
Forkröfur	D, C eða C+ í grunnskóla
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • nokkrum leiðréttingar- og hjálparforritum sem nýtast við námið • góðum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær bæði í rituðu og töluðu máli • helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli • helstu atriðum sem varða samskipti og vinnu í hópum • framsögn og því að vera virkur í umræðum • grunnhugtökum í bókmenntafræði til að geta rætt um lesna texta • mismunandi tegundum ritsmíða
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • stafsetja rétt með hjálp leiðréttingaforrita og orðabóka • beita og vinna með grunnatriði málfræðinnar • nýta sér margvíslega tækni í þekkingarleit sinni og miðlun þekkingar • notast við fjölbreyttar námsaðferðir • nýta sér mismunandi hjálpargögn, s.s. handbóka, villuleitarforrita og orðabóka • skrifa mismunandi texta • að lesa sér til gagns og gaman texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skrifa villulausan texta með aðstoð hjálpargagna • tjá sig á einfaldan og skýran og skapandi hátt • taka þátt í samræðum, fært rök fyrir máli sínu og virt skoðanir annarra • skrifa mismunandi texta • skrifa efnisgreinar með skýrri þrískiptingu

	• beita málfræðihugtökum á réttan hátt • vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra • halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
Námsmat	Námsmat byggir á símati og prófum.
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	